



Akureyri 9. febrúar 2020.

Sviðsstjóri skipulags sviðs Akureyrarbæjar
c/o Pétur Ingi Haraldsson
Geilsagötu 9
600 Akureyri.

Varðar: Tímabundið bann við að leggja bílum við vesturkant Kaldbaksgötu milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annarsvegar og austurkant Laufásögötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hinsvegar. Einnig umferðarstýringu á Strandgötu austan Hjalteyrargötu.

Komum skemmtiferðaskipa til Akureyrar hefur fjölgað mjög síðasta áratuginn. Flest þessara skipa leggjast að Oddeyrarbryggju, en aðkoman að bryggjunni er fyrst og fremst um Strandgötu, en einnig um Laufásögötu og eftir atvikum Kaldbaksgötu. Reikna má með um 170 skemmtiferðaskipum til Akureyrar sumarið 2020. Hafnaryfirvöld hafa eftir megni reynt að tryggja árekstarlaus samskipti þjónustufyrirtækja á svæðinu og jafnframt að farþegar skemmtiferðaskipa verði fyrir sem minnsta áreiti.

Eins og undangengin ár óskar því Hafnasamlag Norðurlands bs. eftir að bannað verði að leggja ökutækjum við vestanverða Kaldbaksgötu milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásögötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hinsvegar allan sólarhringinn frá 1. maí 2020 til og með 25. september 2020.

Í öðru lagi er óskað eftir að heimiluð verði umferðarstýring á Strandgötu austan Hjalteyrargötu þegar stærri skemmtiferðaskip leggjast við Oddeyrarbryggju og umferð fólksflutningabifreiða er mikil. Er þetta gert í öryggisskyni og yfirleitt ekki lengur en í 1-2 klst. í senn. Reynslan af þessu síðustu ár hefur verið mjög góð.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Hafnasamlags Norðurlands bs.

Pétur Ólafsson hafnarstjóri